

**Sp. 81. Tillaga til þingsályktunar [79. mál]**

um jarðsig á Siglufjarðarvegi.

Flm.: Páll Pétursson, Stefán Guðmundsson, Ingólfur Guðnason.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta þegar á næsta sumri fara fram ítarlegar jarðfræðilegar og verkfræðilegar rannsóknir um úrbætur vegna jarðsigs á Siglufjarðarvegi á Almenninum. Einnig að gerð verði nákvæm kostnaðaráætlun um flutning vegarins á öruggan stað.

**Greinargerð.**

Þegar Siglufjarðarvegur var lagður kom í ljós jarðsig á Almenninum. Jarðsig þetta var ekki mjög ört í fyrstu og var gert við veginn jafnóðum með því að aka efni í jarðsigið. Eftir því sem meira efni var bætt í veginn virtist sigið aukast en þarna skriður hluti fjallshlíðarinnar í sjó fram. Merki um jarðsig sjást á stóru svæði í hlíðinni, en þó er það langmest á einum stað og hefur vegurinn þar sigið um marga metra síðustu árin. Af þessu hefur skapast hin mesta slyshætta og er e. t. v. einungis tímaspursmál hvenær þarna verður alvarlegt slys. Einnig virðist hætta á því, að skriðan hlaupi skyndilega í sjó fram. Nokkrar jarðfræðilegar athuganir hafa verið gerðar á eðli og orsökum jarðsigsins. Menn greinir þar nokkuð á og þörf er á ítarlegri rannsókn. Margir telja að eina varanlega ráðið væri að flytja veginn á öruggan stað upp fyrir það svæði sem er á hreyfingu. Það er hins vegar dýrt fyrirtæki og þarf að gera nákvæma kostnaðaráætlun um það þannig að unnt sé að taka endanlega afstöðu til málsins. Ljóst er að ástand vegarins er gjörsamlega óviðunandi og ákvörðun um úrbætur verður að taka sem allra fyrst.